

REGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1751/2005

2008/EES/45/31

frá 25. október 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRS-staðal 1, IAS-staðal 39 og SIC-túlkun 12 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003⁽²⁾ voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 14. september 2002, þ.m.t. túlkun fastanefndarinnar um túlkanir, SIC-túlkun 12, samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni.
- 2) Hinn 17. desember 2003 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út endurskoðaðan alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: fersla og mat*. Í IAS-staðli 39 eru adallega settar meginreglin um færslu og mat fjáreigna og fjárskulda og innleiddi framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hann með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2004⁽³⁾ frá og með 19. nóvember 2004, að undanskildum tilteknum ákvæðum um að nota gangvirðisvalkostinn að fullu og um áhættuvarnarreikningsskil.
- 3) Hinn 17. desember 2004 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingu á IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: fersla og mat — aðlögun og upphafleg fersla á fjáreignum og fjárskuldu*, sem hluta af framtaksverkefni Alþjóðareikningsskilaráðsins að auðvelda evrópskum félögum að skipta yfir í IAS- og IFRS-staðla, einkum félögum sem eru skráð hjá Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna (SEC).
- 4) Hinn 11. nóvember 2004 gaf alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil (IFRIC) út breytingu á IFRIC-túlkun 12, *gildissvið SIC-túlkunar 12: samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni*. Breytingin fjallar um að eftirlaunakerfi og launakerfi tengd eigin fé (SIC-túlkun 12.6) eru sem stendur undanskilin frá gildissviði SIC-túlkunar 12. Tilgangurinn með breytingunni á gildissviðinu er að tryggja samræmi við kröfur IAS-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L 243, 11.9.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjórið. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1073/2005 (Stjórið. ESB L 175, 8.7.2005, bls. 3).

⁽³⁾ Stjórið. ESB L 363, 9.12.2004, bls. 1.

staðals 19, *starfskjör* og að taka upp síðari breytingar sem krafra er gerð um með nýlegri innleiðingu IFRS-staðals 2, *eignarhlutatengdar greiðslur*⁽⁴⁾.

- 5) Framkvæmdastjórin hefur ákveðið að breyttur staðall og breytt túlkun uppfylli skilyrði sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Með samráði við tæknisérfræðinga á þessu sviði hefur einnig verið staðfest að báðar breytingarnar uppfylla tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu.
- 6) Innleiðing breytinga á IAS-staðli 39 felur þess vegna í sér breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* til að tryggja samræmi á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
- 7) Reglugerð (EB) nr. 1725/2003 skal því breytt til samræmis við það.
- 8) Breytingarnar skulu í sérstökum undantekningartilvikum taka gildi fyrir fjárhagsá félaga sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar, þ.e. aður en þessi reglugerð var birt. Afturvirk beiting er réttlætt í sérstökum undantekningartilvikum til að auðvelda þeim sem beita staðlinum í fyrsta sinn við gerð reikningsskila í samræmi við IAS- og IFRS-staðla.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Viðauka við reglugerð (EB) nr. 1725/2003 er breytt sem hér segir:

1. Breytingarnar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: fersla og mat — aðlögun og upphafleg fersla á fjáreignum og fjárskuldu*, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessu reglugerð, bætast við.

(⁴) Stjórið. ESB L 41, 11.2.2005, bls. 1.

2. IFRIC-breytingarnar á SIC-túlkun 12, *gildissvið SIC-túlkunar 12: samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni*, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, bætast við.
3. Innleiðing breytinganna á IAS-staðli 39 felur þess vegna í séi breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* til að tryggja samræmi á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi estir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um hvert fjárhagsár félags sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

*VÍÐAUKI***ALPJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR**

IAS-staðall 39	Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 39, <i>fjármálagerningar: færsla og mat — aðlögun og upphafleg færsla á fjáreignum og fjárskuldu</i>
SIC-tulkun 12	IFRIC-breyting á SIC-tulkun 12, <i>gildissvið SIC-tulkunar 12: samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni</i>

Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afitunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn má telja. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org.uk.

Breytingar á IAS-staðli 39, fjármálagerningar: færsla og mat

Lið 107A er bætt við staðalinn.

GILDISTÓKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI 107A

Þrátt fyrir 104. lið getur eining beitt kröfunum í síðasta málslíð liðar AG76 og liðar AG76A með annarri hvorri þeirra eftirsarandi aðferða:

- a) framvirkta á viðskipti sem voru gerð eftir 25. október 2002 eða
- b) framvirkta á viðskipti sem voru gerð eftir 1. janúar 2004.

Lið AG76A er bætt við viðbæti A, leiðbeiningar um beitingu.

Leiðbeiningar um beitingu**Mat (43.–70. liður)**

Enginn virkur markaður: virðismatsaðferð

...

AG76A. Síðara mat fjáreignar eða fjárskuldar og síðari færsla hagnaðar og taps skulu vera í samræmi við kröfur þessa staðals. Beiting liðar AG67 getur leitt til þess að hvorki verði færður hagnaður né tap við upphaflega færslu fjáreignar eða fjárskuldar. Í því tilviki er í IAS-staðli 39 gerð krafá um að hagnaður eða tap sé aðeins fært eftir upphaflega færslu að svo miklu leyti sem það stafar af breytingu á þætti (þar á meðal tíma) sem markaðsaðilar kanna við verðákvörðun.

*Viðbætir***Breytingar á IFRS-staðli 1**

Breytingunum í þessum viðbæti skal beitt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 1 að því er varðar fyrra tímabil taka þessar breytingar gildi fyrir það fyrra tímabili.

A1. IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, er breytt eins og lýst er hér á eftir:

Ákvæðum j- og k-undirliðar 13. liðar er breytt og l-undirlið er bætt við sem hér segir:

- j) skuldbindingar vegna starfsemi sem leggja skal niður innifaldar í kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna (liður 25E),
- k) leigusamningar (liður 25F) og
- l) mat á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda við upphaflega færslu (liður 25G).

Á eftir lið 25F er nýrri fyrirsögn og lið 25G bætt við sem hér segir:

Mat á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda

25G Þrátt fyrir kröfur í 7. og 9. lið má eining beita kröfunum í síðasta málslíð í lið AG76 og í lið AG76A í IAS-staðli 39 með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:

- a) framvirkta á viðskipti sem voru gerð eftir 25. október 2002 eða
- b) framvirkta á viðskipti sem voru gerð eftir 1. janúar 2004.

Alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil

(IFRIC)

*IFRIC-breyting á SIC-túlkun 12***Gildissvið SIC-túlkunar 12****Samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni****TILVÍSANIR**

IAS-staðall 19, starfskjör

IAS-staðall 32, fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning

IFRS-staðall 2, eignarhlutatengdar greiðslur

SIC-túlkun 12, samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni,

FORSAGA

1. Þar til þessi breyting öðlast gildi falla eftirlaunakerfi og launakerfi tengd eigin fē fyrirtækis (SIC-túlkun 12.6) utan gildissviðs SIC-túlkunar 12. Þar til IFRS-staðall 2 öðlast gildi falla sílíf kerfi innan gildissviðs IAS-staðals 19 (eins og honum var breytt árið 2002).
2. IFRS-staðall 2 gildir um árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. IFRS-staðall 2 breytir IAS-staðli 19 með því að:
 - a) fella brott úr gildissviði hans starfskjör sem IFRS-staðall 2 gildir um og
 - b) fella brott allar tilvísanir í launakjör tengd eigin fē fyrirtækis og launakerfi tengd eigin fē fyrirtækis.
3. Enn fremur eru gerðar kröfur í IAS-staðli 32 um að eigin hlutir séu dregnir frá eigin fē. Þegar IFRS-staðall 2 öðlast gildi breytir það IAS-staðli 32 þannig að beita skal 33. og 34. lið IAS-staðals 32 (sem tengjast eigin hlutum) á eigin hluti sem eru keyptir, seldir, gefnir út eða gerðir ógildir í tengslum við hlutabréfavalréttarfyrirkomulag starfsmanna, hlutabréfakaupafyrirkomulag starfsmanna og allt annað eignarhlutatengt greiðslufyrirkomulag.

ÁLITAEFNI

4. Fyrsta atriðið sem þessi breyting fjallar um er að fella launakerfi tengd eigin fē fyrirtækis inn í gildissvið SIC-túlkunar 12.
5. Annað atriðið sem þessi breyting fjallar um er að útiloka önnur langtíma starfskjarakerfi frá gildissviði SIC-túlkunar 12. Þar til breytingin öðlast gildi falla önnur langtíma starfskjarakerfi ekki utan gildissviðs SIC-túlkunar 12. Í IAS-staðli 19 er samt sem áður gerð krafa um að farið sé með reikningsskil í þessu kerfi á sambærilegan hátt og farið er með eftirlaunakerfi.

BREYTING.

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. lið SIC-túlkunar 12.

Túlkun þessi gildir ekki um eftirlaunakerfi eða önnur langtíma starfskjarakerfi sem IAS-staðall 19 gildir um.

GILDISTÖKUDAGUR

7. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 2 að því er varðar fyrra tímabil tekur þessi breyting gildi fyrir það fyrra tímabil.